

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldin laugardaginn 15. nóvember næstkomandi.

Dagskrá þann 15. nóvember:

18:00 Fordrykkur hjá Arctic Trucks, Nýbílavegi 2, Kópavogi

Að fordrykknum loknum verður ferðast með rútum á leyndan stað, þar sem líkur eru til þess taldar að njóta megi góðrar stundar.

ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð JÖRFÍ verður haldin þann 15. nóvember næstkomandi með pompi og prakt. Hátíðin hefst kl. 18:00 með fordrykk hjá Arctic Trucks í Kópavogi. Þaðan verður mannskapurinn svo sendur með rútu út í óvissuna á leyndan stað þar sem upp mun hefjast át, söngur og dans. Öllum sem mættu í fyrri er í fersku minni það myljandi stuð sem ríkti þar fram eftir nóttu og vonum við að það verði ekki síðra í ár. Miðaverð er kr. 4.000,- og er allt innifalið í því. Miðana verður hægt að nálgast hjá Finni Pálssyni á Raunvísindastofun Háskólans og hjá Ástvaldi Guðmundssyni á rakarastofunni á Dalbraut. Einnig er hægt að hafa samband við skemmtinefndarfólk sem eru: Sjöfn s-659-4936, Leifur s-895-1187, Freyr s-693-3022 og Jóna Bryndís s-847-8392.

Nefndin

HLAUP Í SKAFTÁ

Föstudagskvöldið 3. október var farið í Jökulheima en tilgangur ferðarinnar var að svipast um eftir íshellum við útfall Skaftár. Laugadagurinn rann upp bjartur og fagur með alhvíta jörð. Við drifum okkur af stað og vorum komnir að Skaftárjökli eftir tveggja tíma akstur. Þóttumst við sjá tvö göt í jöklinum annað áberandi stærra og var veðjað á það. Þar reyndist vera hellir, opið ca 30 m á breidd og lengdin ca 200 m, lofthæðin í opinu um 10 m og hélst hún þannig hálfa leið inn en lækkaði þá mikið og endaði ofan í lóni.

Var nú tekið til við að mynda hellinn og kanna "hliðardyr" sem lágu nokkra tugi metra inn í jökulinn. Fórum við að því búnu út og fengum okkur kaffisopa nema einn sem trúlega fær aldrei nóg af myndatökum (Jóhann Ísberg). Er Jóhann loks kom út sagði hann að töluverðir brestir heyrðust í jöklinum og einnig fannst honum niðurinn í ánni eitthvað öðruvísi. Á þessu stigi steymdi árkvíslin til hliðar undir jökulinn og kom út nokkru vestan við munnann.

Ákváðum við nú að kíkja á eystra portið í jöklinum en til að komast að því þurftum við að fara yfir árfarveginn framman við vestari hellismunnann, sem var alveg þurr en mjög stórgrýttur. Að myndatökum loknum ókum við til baka að vestara portinu. Er við komum aftur að árfarvegnum, sem við höfðum ekið yfir þurrum hjólum 40 mínútum áður, blasti við ótrúleg sjón. Þarna vall fram heilmikið fljót, drullubrúnt og forugt í meira lagi og lyktin ekki góð. Eftir mjög stuttar bollaleggingar var ákveðið að aka yfir ána og er varla hægt að segja að hún hafi verið nema rétt fær. Allir erum við nokkuð glaðir með að hafa ekki verið inni þegar hlaupið kom.

Vilhjálmur Kjartansson

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Sverrir Óskar Elefsen